

Hákon Jóhannesson

From: Hákon Jóhannesson [food-tech@mi.is]
Sent: 7. september 2007 18:50
To: 'food-tech@mi.is'
Subject: Hreinlætisklúbburinn - Endurvinnsla, flokkun úrgangs og spilliefna

- Fjölmörg íslensk fyrirtæki hafa nú tekið upp vottað umhverfisstjórnunarkerfi sem byggt er á ISO14001 staðlinum. Þessi alþjóðastaðall tilgreinir kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis sem gerir fyrirtæki kleift að þróa og innleiða stefnu og markmið í umhverfismálum með hliðsjón af lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem fyrirtækið undirgengst, og upplýsingum um umtalsverð umhverfisáhrif. Hann gildir um þá umhverfisþætti sem fyrirtækið getur stýrt og haft áhrif á.
Ítarefni: <http://www.stadlar.is/iso-14000/iso-14000-umhverfisstjornunarstadlarnir>

- Hluti af öflugri umhverfisstjórnunarvinnu er að stýra þeim úrgangi sem frá fyrirtækinu kemur.

Á vef Sorpu er fjallað um flokkun sorps með greinargóðum lýsingum á frágangi ýmisskonars sorps.
Ítarefni: <http://www.sorpa.is/user/cat/list/24/6/>

Á vef Efnamóttökunnar er að finna umfjöllun um spilliefni sem gott er að líta á einnig.
Ítarefni: www.efnamottakan.is

- Matvælafyrirtæki þurfa að huga sérstaklega að því að minnka eins og unnt er þann úrgang sem frá þeim fer, flokka og endurvinna það sem frá þeim fer. Hjálagaður er tengill á bandaríska grein sem er ættuð úr San Francisco - Kaliforníufylki ríkisstjórans Arnolds Schwarzeneggers "A Restaurant Guide to Waste Reduction and Recycling", sem fjallar um þessi mál, en þeir glíma við 92 miljón tonna af úrgangi svo eitthvað á að vera hægt af þeim að læra.
Ítarefni: <http://www.ciwmb.ca.gov/Publications/BizWaste/44198016.pdf>

Með bestu kveðju;

Hákon Jóhannesson

MATVÆLATÆKNI
Hamraborg 7
ÍS 200 Kópavogur
Sími: 554.52.60
Farsími: 898.52.61
Bréfsími: 554.52.60
Netfang: food-tech@mi.is
www.foodtech.biz
Ráðgjöf og rannsóknarþjónusta síðan 1983

Ef þér viljið að við fjarlægjum ykkur af dreifilista Hreinlætisklúbbsins - vinsamlega sendið til baka með "Fjarlægja af lista" í "subject"